

# Gjaldskrá

## fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðarkauptúni.

### 1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, skal vera yfir árið:

Fyrir 1 ljós 16 kerta kr.	7.00.
— 2 — — — —	13.00.
— 3 — — — —	19.00.
— 4 — — — —	25.00.
— 5 — — — —	30.00.

Síðan 5 krónur að auki fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 4 krónur fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir.

Þegar ljósmagn það, sem hvert hús vill fá, er talið saman í 16 kerta ljós, skal  $\frac{1}{4}$  ljósi slept en  $\frac{3}{4}$  ljóss reiknað sem heilt;  $\frac{1}{2}$  ljós reiknað sem hálf.

Hreppsnefndinni er heimilt að færa gjald þetta niður alt að helmingi, fyrir þau hús, sem nota ljósin minna en hálfan ljóstíma ársins.

Verð á rafmagni til ljósa á götum, bryggjum og söltunarpöllum kaupþúnsins skal vera hið sama eftir ljósmagni eins og að ofan er ákveðið, en hreppsnefndin hefir hina sömu heimild til niðurfærslu, alt að helmingi, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

### 2. gr.

Rafmagn fyrir eitt línsterkjujárn kostar 7 krónur yfir árið. Hreppsnefndin getur takmarkað tölu línsterkjujárna, svo og sett nánari reglur um notkun þeirra, ef þess gerist þörf.

### 3. gr.

Verð á rafmagni til suðu eða hitunar, eða til vjelareksturs verður ákveðið með samningi fyrir hvern sjerstakan notanda, verði á annað borð nokkuð rafmagn selt til slíkrar notkunar.

### 4. gr.

Árið reiknast frá nýári til nýárs og ljósgjaldið greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingur gjaldsins greiðist fyrir 1. mars, en síðari helmingurinn fyrir 1. október ár hvert. Taka má gjaldið lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum 20. október 1913, um **77** rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, og birt til eftirbreytni öllum þeim, 5. júní sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 5. júní 1915.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

Fylgiskjal.

**Pöntunarseðill.**

Samkvæmt reglugjörð og gjaldskrá fyrir rafmagnsveitu Siglufjarðarkaup-  
túns óskar undirritaður að fá innlagt rafmagn, — breytt innlagningu rafmagns —  
— í hús .....

Skilmála rafmagnsveitunnar skuldbind jeg mig til að halda að öllu leyti.  
Þetta bið jeg um:

Tala lampa og ljósmagn.						Lampa- stærðir	Línsterkju járn	Suðu- áhöld				
5 k	10 k	16 k	25 k	32 k	50 k	alls	Tala	watt	Tala	watt		

Siglufirði .....

(undirskrift húsráðanda)

Undirritaður eigandi samþykkir að ofangreindar rafmagnstaugar og áhöld  
sje lagt inn í nefnt hús mitt.

(undirskrift húseiganda)

Ofangreind pöntun er samþykkt.

Siglufirði .....

Fyrir rafmagnsstöðina